

skilmálunum, skuli útkljáð á sameiginlegum fundi með hreppstjórunum úr báðum nýju hreppunum.

1869.

9. marz.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið, samkvæmt skýrslum þeim, sem bréf yðar hefir inni að halda, fellst hér með á tillögur yðar hér að framan.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skil og reikninga fyrir sýslugjöldum.

9. marz.

Útaf því að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir borið þá fyrirspurn upp fyrir stjórnarráðinu, hverjar ráðstafanir eigi að gjöra af amtsins hálfu til lúkningar á því, sem eptir stendur hjá sýslumönnunum samkvæmt reikningum þeirra um tekjur ríkissjóðsins, hefir stjórnarráðið í dag álititð tilefni til að mæla svo fyrir við tæðan embættismann, að þegar slíkt beri við, þá skuli hann setja þeim, sem í hlut á, mátulega stuttan frest til þess að borga skuldina, og gefa honum um leið í skyn, að ef hann láti þenna frest líða hjá, þá muni amtið víkja honum um stund úr embætti hans þannig, að sá, sem settur verður í hans stað, fái helminginn af tekjum embættisins, og sé skyldur til að ráðstafa hinum helmingnum til lúkningar á skuldinni, áður en hann megi borga embættismanninum, sem vikið hefir verið frá, nokkuð af honum. Þar að auki hefir stjórnarráðið sömuleiðis lagt á við greindan amtmann að brýna fyrir öllum sýslumönnunum í umdæmi því, sem hann er settur yfir, að þeir eigi að vera búnir að senda sýslureikningana í síðasta lagi fyrir 31. maímán. á hverju ári, og að útaf því megi ekki bregða, en skyldi nokkur samt sem áður láta þenna ákveðna tíma hjá líða, þá skuli þröngva þeim, sem í hlut, til að senda reikninginn, með hæfilegum sektum, er amtið á kveður.

Jafnframt og yður er kunngjört það, sem hér er að framan,

1869.

9. marz.

herra stiptamtmaður (amtmaður), eruð þér beðnir, ef ske kynni að sýslumennirnir í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, kæmust í skuldir við ríkissjóðinn fyrir sýslugjöldum, þá að fara að á sama hátt og hér er mælt fyrir, og eins eruð þér beðnir að leggja ríkt á við sýslumennina að senda sýslureikninga sína fyrir hinn ákveðna tíma, og ef útaf því bregður, að fara að eins og að framan er sagt.

9. marz.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmansins yfir Íslandi, um afgang af umboðsjörðum Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs.

Með bréfi dagsettu 14. desembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Jóni Jónssyni, umboðsmanni yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði, þar sem hann fer þess á leit, að leiguliðunum á tæðum umboðsjörðum verði leyft, sökum hinnar almennu peningaeclu í Skaptafellssýslu, fyrst um sinn í 1 eða 3 ár að gjalda jarðar-afgjöldin, sem áskilin eru í byggingarbréfunum — sér í lagi þann hlutann, sem ekki er goldinn í peningum 8 skilðinga alinin — í hestum, sauðfê, ull, smjöri, tólk eða skinnnum, í staðinn fyrir í peningum, og að síðan megi selja skepnur þessar og vörur á opinberu uppboðsþingi á kostnað umboðssjóðsins. Hafið þér lagt fram með, að greindum leiguliðum verði gefinn upp tíundi parturinn af þeim hluta landskuldarinnar og kúgildaleigunnar, sem ekki er goldinn í peningum 8 skilðinga alinin, ef þeir gjalda níu tíundu parta af afgangunum í peningum, og að þeim af leiguliðunum, sem þetta er um megn, verði leyft að gjalda jarðarafgjöldin afdráttarlaust í þeim landaurum, sem umboðsmaðurinn hefir vikið á, að landaurarnir verði síðan seldir á uppboðsþingi, ef fyrir þá fæst, að öllum kostnaði frádregnum, níu tíundu partar af verðlagsskrár verði á þeim, en að þeir að öðrum kosti verði fluttir í kaupstað og reynt að koma þeim út þar.